

**29. Brjef dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa,
Melsteðs amtmanns, um hússtjórnarlögin.**

1855.

9. júní.

Af allrahæztri auglýsing til alþingis um árangur af þegn-
legum bænaskráum þess og öðrum tillögum á fundinum 1853,
mun herra amtm. komast að raun um, að stjórninni hefur ekki
þótt sjer fært, að leggja framfrumvarp til nýrra hússtjórnarlaga
fyrir Ísland þetta ár, eins og alþingi hafði beðið, en að stjórnin
mundi framvegis láta sjer umhugað um þetta mál. Því stjórn-
arráðið ljet í ljósi þá skoðun í hinu allraþegnsamlegasta fram-
burðarskjali sínu fyrir Hans Hátign konunginn um þetta mál,
er hjer með fylgir í eptirriti til leiðbeiningar fyrir herra amtm.,
ef með þyrfti, að það eigi bezt við, að undirstaða þess konar
laga komi frá Íslandi, og samkvæmt þessu hefur stjórnin bent
á, hvernig mál þetta mætti fá framgang. Hans Hátign konung-
inum hefur síðan þóknast með allrahæztum úrskurði 9. þ. m.
að veita dómsmálastjórninni vald til að fela konungsfulltrúa á
alþingi á hendur, að koma fram málinu á einhvern þann hátt,
sem stjórnarráðið hafði bent á, og af valdi því, er jeg þannig
hef fengið, vil jeg því biðja herra amtm., ef að sett verður
nefnd til að ræða um uppástungu þá, er lögð er fyrir þingið um
jarðamatið, og yður virðist þeir nefndarmenn hæfir til að tak-
ast líka þann starfa á hendur, að semja frumvarp til nýrra hús-
stjórnarlaga handa Íslandi, að gefa þeim skipun til að semja
slíkt frumvarp, ef að þeir geta fengið tíma til þess frá með-
ferð jarðamatsmálsins. Færi svo, móti von, að slík nefnd
yrði ekki sett, eða gæti, ef til vill, ekki tekizt þenna starfa á
hendur, verð jeg að biðja yður að fá menn í Reykjavík, sem til
þess eru færir, til að gjöra það, og sendist í því skyni til not-
unar undirbúningur sá til þessa máls, er hjer er hjá stjórnar-
ráðinu, og hvernig sem fer vonast jeg eptir nákvæmari skýrslu
um það, sem þjer hafði gjört að verkum í þessu máli.